Ferðafréttir – 2. tölublað, september 2000

Vel heppnuð Vestnorden ferðakaupstefna
Ferðakaupstefnan, Vestnorden Travel Mart 2000, var haldin í Laugardalshöll dagana 13.-15. september sl. Gert er ráð fyrir að um 500 manns hafi sótt kaupstefnuna. Þar af voru um 190 erlendir kaupendur og ferðaheildsalar ásamt yfir 200 sýnendum. Tilgangur kaupstefnunnar var að sýna hvað aðildarþjóðirnar þrjár; Ísland, Grænland og Færeyjar, hafa upp á að bjóða í ferðaþjónustu.

Góðar horfur
Á kaupstefnunni var meðal annars kynnt framboð á ferðamennsku utan háannatíma en megináhersla hefur verið lögð á að fjölga ferðamönnum á þeim tíma. Í hópi seljenda voru m.a. fulltrúar flugfélaga, ferðamálasamtaka, hópferðafyrirtækja og hótela. Á kaupstefnunni var einnig lögð áhersla á að kynna jöklaferðir, hestaferðir, bátsferðir og jeppaferðir svo eitthvað sé nefnt.
Skipuleggjendur kaupstefnunnar telja að horfur í ferðamennsku á norðurslóðum næstu ár séu góðar. Á tímabilinu frá janúar til apríl á þessu ári varð 30% aukning á fjölda ferðamanna til Íslands og er aukningin í samræmi við markmið Ferðamálaráðs Íslands.

Þrettán prósent af útflutningstekjunum
Að sögn Hauks Birgissonar, markaðsstjóra Ferðamálaráðs, hefur áhugi erlendra kaupenda á kaupstefnunni aukist jafnt og þétt síðan hún var fyrst haldin fyrir 15 árum. "Ég er ekki í nokkrum vafa um að Vestnorden kaupstefnan á drjúgan þátt í þeim vexti sem hefur orðið í ferðaþjónustu á Íslandi undanfarin ár. Kaupstefnan er einn liður í þeirri markaðssetningu að koma Íslandi og íslenskri ferðaþjónustu á framfæri," sagði Haukur og bætti við að mikilvægt sé að kynna íslenska ferðaþjónustu á Netinu og sagði vef Ferðamálaráðs gegna þar mikilvægu hlutverki.
Ferðamálaráð gerir ráð fyrir því að gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu verði rúmlega 30 milljarðar á þessu ári en á ársgrundvelli eru tekjur af ferðaþjónustu rúmlega 13% af útflutningstekjum Íslendinga.

Markviss vinnubrögð skila árangri
Þegar litið er yfir heildarumsvif Í ferðaþjónustu á Íslandi nú á haustdögum þá blasir það við að öll umsvif í greininni hafa vaxið verulega. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja er ljóst að fjöldi erlendra ferðamanna sem sækja okkur heim eykst um yfir 40.000 frá árinu í fyrra og það sem sýnir e.t.v. enn frekar þessi auknu umsvif er að erlendir gestir á þessu ári verða meira en 100.000 fleiri en fyrir þrem árum; árið 1997.

Aukningin á þessu þriggja ára tímabili nemur meiru en öllum fjölda erlendra gesta sem komu hér sumarið1997. Þá sýna upplýsingar um gjaldeyristekjur af þessum gestum að þær stefna í að verða allt að 8 milljörðum meiri í ár en árið 1997. Tölur um gistinætur sýna okkur einnig aukin umsvif í ferðum Íslendinga um eigið land.

Þessi árangur er engan veginn sjálfsagður og því síður sjálfgefinn til framtíðar.

Á stundum heyrist að við höfum verið heppin og minnir það á umræður um heppna veiðmenn sem lentu óvart Í laxagöngu eða hittu á síldartorfu. En árangur Í ferðaþjónustu á lítið skylt við heppni. Að baki árangri liggur gífurleg vinna fjölmargra aðila.
Árið 1995 hófst vinna við gerð fyrstu heildarstefnumótunar Í ferðaþjónustu hér á landi og var verkið unnið á vegum samgönguráðuneytis. Fjölmargir aðilar voru kallaðir að þeirri vinnu. Niðurstöður voru rækilega kynntar á næstu misserum og eftir þessari stefnu hefur síðan verið unnið Í meginatriðum. Hér er því nú unnið eftir stefnu, sem mörkuð var fyrir nokkrum árum Í samvinnu opinberra aðila og greinarinnar, markmið voru sett og leiðirnar lagðar að þeim markmiðum.

Í framhaldi af stefnumótun var stóraukið fjármagn lagt til markaðsvinnu og síðan stofnað Markaðsráð, eins og stefnumótunin gerði ráð fyrir. Ef stiklað er á örfáum fleiri atriðum sem stefnumótunin lagði áherslu á, og unnið hefur verið að í samræmi við hana undanfarið, má benda meðal annars á kannanir og rannsóknir Í ferðaþjónustu, aukið fjármagn til upplýsingamiðstöðva og upplýsingaþátturinn styrktur Í heild, stóraukið fjármagn til umhverfismála og fyrirbyggjandi aðgerðir á því sviði og aukin áhersla á menningar- og heilsutengda ferðaþjónustu. Þá hefur verið unnið að gæðamálum í samræmi við umrædda stefnu og meðal annars komið á gæðaflokkun gististaða á þessu ári.

Fjölmörg fleiri verkefni mætti nefna sem unnið hefur verið að, meðal annars samkvæmt umræddri stefnumótun. Markmiðin Í auknum umsvifum sem sett voru virðast hafa náðst fyrr en stefnumótunin gerði ráð fyrir. Eitt af markmiðum stefnumótunarinnar var frekari dreifing gesta yfir árið og var þar gert

ráð fyrir að samhliða því að aukin hlutdeild gesta kæmi á lágönn myndu tekjur af hverjum gesti eðlilega lækka vegna lægra verðs að vetri og styttri dvalartíma. Heildartekjur myndu þó eðlilega aukast og ekki síst á tiltölulega vannýttum tíma ársins. Það á því engum að koma á óvart að meðaltekjur af hverjum erlendum gesti hafi lækkað undanfarin ár, það hlaut að gerast ef hin markaða stefna, sérstaklega um aukna hlutdeild að vetri skilaði þeim árangri sem stefnt var að.

Áfram er unnið í samræmi við hina opinberu stefnu að framgangi þessarar atvinnugreinar. 50% fleiri gestir og átta milljarða meiri gjaldeyristekjur en árið 1997 hljóta að auka trú okkar á því að leiðirnar sem valdar voru hafi verið réttar og hin faglega vinna að settum markmiðum hafi verið rétt unnin. Öll þessi fjölgun ferðamanna, ekki síst á lágönn, á að skapa fyrirtækjum frekari forsendur til bættrar afkomu.

Það hefur ekkert gerst af sjálfu sér og við göngum ekki að neinu vísu Í framtíðinni. Vinna þúsunda aðila í samræmi við markaða stefnu á að skila okkur áframhaldandi auknum umsvifum.

Magnús Oddsson

Gæði og öryggi
Í stefnumótun ráðherra um gæði og upplýsingamál í ferðaþjónustu frá 1997 koma fram, auk stefnu, bæði markmið stjórnvalda og mögulegar leiðir til þróunar gæða. Það var síðan ákveðið um síðustu áramót að 1. sept. í ár hæfust þróunarverkefni á vegum Ferðamálaráðs Íslands, annars vegar þróun gæða og hins vegar öryggis í ferðaþjónustu. Þetta eru hvoru tveggja mjög umfangsmiklir og mikilvægir þættir í ferðaþjónustu enda getur þróun þeirra haft afgerandi áhrif á umfang og afkomu ferðaþjónustunnar á Íslandi til framtíðar. Pétur Rafnsson verkefnastjóri hefur umsjón með þessum þróunarverkefnum

Úttekt vegna slysa
Í framhaldi af hinum tíðu rútuslysum á hálendi landsins í sumar óskaði samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, eftir því við Ferðamálaráð
að ráðið tæki þessi mál til umfjöllunar í umræðu á fundum sínum út frá sjónarhóli ferðaþjónustunnar í landinu. Jafnframt óskaði ráðherra
eftir greinargerð um stöðu þessara mála frá Ferðamálaráði ásamt tillögum um aðgerðir ef ástæða er til.

Ferðamálaráð fjallaði um erindi ráðherra á fundi sínum 4. september sl. og er unnið að gagnasöfnun. Málið verður tekið upp aftur í ráðinu
að úttekt lokinni.

Gæði og öryggi
Í stefnumótun ráðherra um gæði og upplýsingamál í ferðaþjónustu frá 1997 koma fram, auk stefnu, bæði markmið stjórnvalda
og mögulegar leiðir til þróunar gæða. Það var síðan ákveðið um síðustu áramót að 1. september í ár hæfust þróunarverkefni á vegum
Ferðamálaráðs Íslands, annars vegar þróun gæða og hins vegar öryggis í ferðaþjónustu. Þetta eru hvoru tveggja mjög umfangsmiklir og
mikilvægir þættir í ferðaþjónustu enda getur þróun þeirra haft afgerandi áhrif á umfang og afkomu ferðaþjónustunnar á Íslandi til framtíðar.
Til þessa verkefnis hefur Pétur Rafnsson verið ráðinn sem verkefnastjóri en eins og fram kemur annars staðar í fréttabréfinu stjórnar
hann ennfremur þróunarverkefni um upplýsingagjöf og upplýsingamiðstöðvar.

Nýr starfsmaður í New York
Pétur Ómar Ágústsson tók nýlega til starfa sem markaðsfulltrúi á skrifstofu Ferðamálaráðs í Bandaríkjunum. Pétur Ómar hefur
starfað í ferðaþjónustu mjög lengi og nú síðast sem sölustjóri Flugleiða í USA.

Haukur Birgisson til nýrra starfa
Haukur Birgisson markaðsstjóri Ferðamálaráðs mun þann 15. nóvember n.k. hefja störf á skrifstofu Ferðamálaráðs í Frankfurt. Hann mun sinna markaðsmálum á meginlandi Evrópu í vetur en 1. apríl 2001 tekur hann við starfi forstöðumanns skrifstofu Ferðamálaráðs í Frankfurt.

Umhverfisverkefni ársins
Í ár var í allt veitt tæplega 36 milljónum króna til úrbóta í umhverfismálum og hefur aldrei fyrr verið varið jafn miklu fé á einu ári til þessa málaflokks. Af þessum fjármunum var 3 milljónum króna varið til styrkveitinga. Styrkt voru að þessu sinni verkefni á Suðurlandi, Reykjanesi, Vesturlandi og á Vestfjörðum. Alls voru styrkþegar í ár 20 talsins og hver styrkur á bilinu 50-500 þúsund krónur.

Unnið hefur verið á vegum Ferðamálaráðs á ýmsum stöðum um landið og standa framkvæmdir enn yfir. Lagfærðir voru stígar við Dynjandisfoss, unnið að uppsetningu salerna við Hraunfossa, lagfæringar á merkingum í Krýsuvík eftir sprenginguna sem þar varð, aðstaða ferðamanna við Laufás var stórbætt og unnið var að hönnun endurbóta við Hengifoss í Fljótsdal. Þá var unnið að nokkrum verkefnum í samvinnu við Náttúruvernd ríkisins og Þjóðminjasafn og má þar nefna að sett var upp góð salernisaðstaða við Víðimýrarkirkju og í Ásbyrgi og gerður göngustígur frá Skaftafellsstofu að Skaftafellsjökli.

Hafin var undirbúiningsvinna vegna framkvæmda næsta árs og hafa hönnuðir þegar verið ráðnir vegna fjögurra stórra verkefna. Nauðsynlegt er orðið vegna umfangs framkvæmda og eins vegna breytinga á skipulags- og byggingalögum að hefja undirbúning framkvæmda ári fyrr þannig að vorið og sumarið nýtist til framkvæmda og þeim ljúki þannig fyrr.

Kostnaðaráætlun frá því í vor

Verkefni:	**Lýsing:**	**Kostnaður:**
Krýsuvík:	Lokafrágangur á stígum, pöllum og fræðsluskiltum.	900.000.-
Hraunfossa og Barnafoss:	Stígagerð, fræðsluskilti, pallar og salerni.	3.700.000.-
Hellar í Hallmundarhrauni:	Vörðuhleðsla, stígagerð og skilti.	2.000.000.-
Dynjandi:	Lokafrágangur við stígagerð og merkingu gönguleiða.	700.000.-
Hindisvík:	Stígagerð, fræðsluskilti og stikun leiðar.	1.100.000.-
Borgarvirki:	Lokafrágangur í stígagerð og merkingum.	850.000.-
Hvítserkur:	Lokafrágangur í stígagerð, fræðsluskilti og pallur.	800.000.-
Víðimýrarkirkja:	Salernisaðstaða.	1.200.000.-
Jökulsárgljúfur:	Salerni í botni Ásbyrgis í samvinnu við Náttúruvernd ríkisins. Um er að ræða eitt salernishús en Náttúruvernd ríkisins mun annast uppsetningu og að leggja vatn úr minni Ásbyrgis inn í botn.	1.000.000.-
Hengifoss í Fljótsdal:	Stígagerð og fræðsluskilti.	1.600.000.-
Skaftafell:	Stígagerð í samvinnu við Náttúruvernd ríkisins. Um er að ræða malbikaðan stíg frá Skaftafellsstofu að Skaftafellsjökli sem þannig verður gerður aðgengilegur öllum.	1.500.000.-
Skógafoss:	Stígagerð, fræðsluskilti, pallar og göngubrú.	3.300.000.-
Gullfoss:	Lokafrágangur á svæðinu neðan klettabeltisins.	3.500.000.-
Helstu hálendisvegir:	Ruslhreinsun meðfram helstu hálendisvegum.	1.500.000.-
Skipulagsvinna:	Vinna við samræmingu á skipulagi og skipulag einstakra svæða.	3.500.000.-
Styrkir:	Styrkveitingar á suðurlandi, vesturlandi og vestfjörðum.	3.000.000.-
Auglýsingar, annað og ófyrirséð:	Auglýsingar og ýmis ófyrirséður kostnaður.	5.650.000.-
	Samtals:	**35.800.000.-**

Bílinn allan heim - enga varahluti á hálendinu!
Bílinn allan heim - enga varahluti á hálendinu, var yfirskrift á hreinsunarátaki sem Ferðamálaráð gekkst fyrir í lok ágúst og byrjun september. Átakið hófst við Húsafell og því lauk þremur vikum síðar við Mývatn en þá höfðu verið hreinsaðir um 1400 kílómetrar eða allir helstu hálendisvegir landsins.

Hugmyndin
Á hverju hausti fara fulltrúar Ferðamálaráðs vettvangsferð til þess að skoða þá staði þar sem FMR hefur staðið fyrir framkvæmdum á fjölsóttum ferðamannastöðum. Hjalti Finnsson umhverfisfulltrúi og ég vorum aðkeyra yfir Kjöl og þótti okkur fullmikið af varahlutum á víð og dreif á leiðinni. Við tókum eins

mikið með og við gátum en urðum því miður að skilja mikið eftir, sagði Elías Bj. Gíslason hjá Ferðamálaráði um tildrög þess að hugmyndin að hreinsunarátaki á hálendinu kviknaði.

Í vetur og vor var síðan unnið að því að fá samstarfsaðila en verkefni sem þetta er töluvert kostnaðarsamt. Þeir aðilar sem tóku þátt í verkefninu með FMR voru Europcar, eða Bílaleiga Akureyrar, sem skaffaði kerru, Hekla hf. útvegaði Galloper jeppa, Olís sá um olíur og rekstaravörur á bílnum,VÍS eftirlét tryggingar og auglýsingastofan Stíll sá um að merkja kerru og bíl. Ferðamálaráð þakkar fyrrnefndum aðilum fyrir þeirra þátt í verkefninu.

Framkvæmd
Eins og áður sagði var farið yfir um 1400 kílómetra vegalengd eða nánast alla vegi sem Vegagerðin merkir sem F-vegi. Landinu var skipt upp í þrjú svæði, þ.e. vestur-, mið- og austursvæði. Þrír starfsmenn Ferðamálaráðs skiptu með sér að aka bílnum og stjórna verkinu. Þá voru ráðnir tveir vaskir sveinar, þeir Styrmir Hauksson og Þorgeir Finnsson sem höfðu það verk með höndum að tína það sem fannst upp á kerruna.

Árangur
Það voru ótrúlegustu hlutur sem fundust. Mikið var um pústkerfi, jafnvel undan rútum og flutningabílum, mikið var um dekk og dekkjadræsur og jafnvel dekk á felgum. Þá fundust rafgeymar, bílrúður, gormar og demparar. Sem sagt allir helstu varahlutir sem fylgja bílum. Þegar upp var staðið þá taldi þetta níu kerrur eða um 15 rúmmetra af varahlutum. Meðan á hreinsuninni stóð var mikið um að vegfarendur stoppuðu og gáfu sig á tal við hópinn og tjáðu jákvæða skoðun sína á átakinu.

Framhald
Þegar verkefni sem þessu er lokið þá spyrja menn sig hvort framhald verði á og þá hvernig? Eitt af því gæti verið að fara eftir þjóðvegi númer 1 og hreinsa það sem þar er og jafnvel mætti fara víðar. Því eins og margoft hefur komið fram í könnunum bæði Ferðamálaráðs og annarra, þá er það náttúra landsins fyrst og fremst sem hefur mest áhrif á gesti okkar og þeirra upplifun af heimsókn til landsins. Það hlýtur því alltaf að vera hagur okkar sem í ferðaþjónustu störfum að verkefni sem þetta sé í gangi. Er þarna komin samstarfsvettvangur ríkis, ferðaþjónustufyrirtækja og sveitafélaga?

Upplýsingamiðstöðvar á landsbyggðinni
Ferðamálaráð Íslands gerði í vor og sumar samstarfssamninga við 7 landshlutamiðstöðvar í ferðaþjónustu. Þessir samningar eru framhald af áherslu Ferðamálasamtaka Íslands um mikilvægi upplýsingamiðstöðva og fjárveitingu Alþingis á síðustu fjárlögum, þar sem veittar voru 10 milljónir í fjárlagalið Ferðamálaráðs Íslands til upplýsingagjafar á landsbyggðinni. Auk þessa fjármagns sem rennur til rekstrar upplýsingamiðstöðva veitir Ferðamálaráð Íslands fjármagni til reksturs Upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Reykjavík og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Samtals er um að ræða um 17 milljónir króna. Ferðamálaráð hefur í þessu sambandi sett af stað þróunarverkefni til þróunar upplýsingagjafar og upplýsingamiðstöðva á Íslandi. Verkefnisstjóri þessa þróunarverkefnis er Pétur Rafnsson en hann er með aðsetur á skrifstofu Ferðamálaráðs í Reykjavík. Samstarfssamningar þessir fela í sér ákveðnar kröfur, sem Ferðamálaráð samþykkti og fjalla um ákveðna opnunartíma miðstöðvanna allt árið, auknar kröfur um verkefni, upplýsingaskyldu og samráð við Ferðamálaráð Íslands.

Samskiptavefur Ferðamálaráðs www.ferdamalarad.is

- Hvað viltu vita um Markaðsráð? Allar upplýsingar á www.ferdamalarad.is
- Ertu að velta einhverju fyrir þér? Notfærðu þér spurningar og svör á www.ferdamalarad.is
- Spurningar og svör! Opinn vettvangur fyrir alla þá sem áhuga hafa á að tjá sig um
- ferðaþjónustu.
- Hvað var sagt á fyrstu fundum Ferðamálaráðs?
- Hversu margar upplýsingamiðstöðvar eru á landinu?
- Þú finnur lista yfir ferðamálafulltrúa á Samskiptavef Ferðamálaráðs.
- Hvar er næsta ferðasýning?
- Hvaða ályktanir voru gerðar á Ferðamálaráðstefnunni 1995?
- Hver eru verkefni Ferðamálaráðs?
- Allt um útgáfuefni Ferðamálaráðs!
- Viltu fræðast um umhverfismál? Skoðaðu þá www.ferdamalarad.is
- Hverjir hlutu styrki til úrbóta á ferðamannastöðum 1998?
- Viltu fræðast um flokkun gististaða?

Hótel Ísafjörður fyrst með flokkun
Samgönguráðherra afhjúpaði fyrsta flokkunarskilti gististaða með stjörnugjöf á Hótel Ísafirði um sl. mánaðamót. Á undanförnum mánuðum hefur á vegum Ferðamálaráðs Íslands verið unnið að því að flokka gististaði samkvæmt reglum frá því í fyrravetur. Fyrir um ári síðan var öllum gististöðum sent bréf þar sem þeim var boðið að vera með í slíkri flokkun. Vinnan við sjálft matið hófst í janúar á þessu ári, en eins og fram hefur komið þá gerði Ferðamálaráð samning við Rekstur og ráðgjöf Norðurlandi um að RRN framkvæmdi úttekt á gististöðum. Alls hafa 54 gististaðir sótt um flokkun og er flokkun lokið á 37 þeirra, 12 eru enn í vinnslu en 5 hafa dregið umsóknir sínar til baka.
Af þeim stöðum sem flokkaðir hafa verið eru 17 með tvær stjörnur, 8 með þrjár og 12 með fjórar stjörnur.

Bætt þjónusta og ímynd
Fullvíst má telja að flokkun gististaða verði gististöðum á Íslandi til mikils framdráttar þegar lengra líður. Flokkunin er ekki lögboðin en henni fylgja fjölmargir kostir. Um allan heim eru gestir vanir stjörnugjöf til viðmiðunar þegar þeir velja sér gistingu í þeim gæða- og verðflokki sem þeir óska og kemur slíkt sér því vel bæði fyrir gesti og gististaði. Það hefur einnig sýnt sig að þar sem flokkun gististaða hefur verið tekin upp að þarna er komið mikilvægt hjálpartæki fyrir gististaði sem vilja bæta þjónustu sína og ímynd.

Við flokkunina var stuðst við flokkunarkerfi samtaka ferðaþjónustunnar í Danmörku; HORESTA. Þar í landi hefur þetta kerfi verið í notkun frá árinu 1997 og gefið góða raun.

Flokkunin sem slík er er ekki altækur dómur um gæði viðkomandi gististaðar. Flokkunin tekur eingöngu mið að þáttum sem hægt er að mæla með hlutlægum hætti, þ.e. hvort tiltekin aðstaða eða þjónusta er til staðar eða ekki. Um er að ræða úttekt á annað hundrað mismunandi atriðum og geta gististaðir fengið frá einni og upp í fimm stjörnur.

Kynning stendur yfir
Flokkunin fer þannig fram að matsfulltrúi gerir úttekt á gististaðnum og kemur síðan í heimsókn einu sinni á ári til þess að athuga hvaða atriði viðkomandi gististaður uppfyllir og hver ekki. á grundvelli úttektarinnar er viðkomandi gististað send skýrsla, þar sem fram kemur í hvaða flokk gististaðurinn fellur og jafnframt hvað þarf að gera svo staðurinn færist í flokkana fyrir ofan. Forsvarsmenn hafa síðan tvo mánuði til úrbóta og fá að því loknu afhent skilti með þeim fjölda stjarna er um ræðir. Skiltið skal síðan sett upp á áberandi stað við innganginn á gististaðnum.

Elías Bj. Gíslason hjá Ferðamálaráði og Erna Hauksdóttir framkvæmdastjóri SAF hafa undanfarið kynnt flokkun gististaða og niðurstöður fyrir starfsfólki ferðaskrifstofa, en að sögn Elíasar þá eru starfsmenn ferðaskrifstofa sá hópur sem hefur mikil áhrif á um hvernig flokkuninni reiðir af. Þeir sem óska eftir kynningu eru beðnir að hafa samband við Elías í síma 464-9990 eða eliasgi@icetourist.is

Allar upplýsingar um flokkun gististaða er að finna á samskiptavef Ferðamálaráðs, ferdamalarad.is Þar má sjá hvað stendur að baki hverri stjörnu og hvaða staðir hafa verið flokkaðir. Einnig er að finna upplýsingar um flokkunina á www.icetourist.is á ensku.

Hótel Ísafjörður var fyrsti gististaðurinn sem formlega tók nýja flokkunarkerfið í notkun.

Til hamingju!
Eftirtaldir gististaðir hafa verið flokkaðir og óskar Ferðamálaráð Íslands forsvarsmönnum þeirra og starfsfólki til hamingju með áfangann:

2 stjörnur:
Gamla gistiheimilið Ísafirði
Gesthús Selfossi
Gistiheimilið Baldursbrá
Gistiheimilið Flókagata 1
Hótel Björk
Hótel Edda Akureyri
Hótel Edda Eiðum
Hótel Edda Húnavöllum
Hótel Edda ÍKÍ Laugarvatni
Hótel Edda Laugarbakka
Hótel Edda ML Laugarvatni
Hótel Edda Menntaskólanum Egilsstöðum
Hótel Edda Nesjaskóla
Hótel Edda Neskaupsstað

Hótel Edda Núpi
Hótel Edda Skógum
Hótel Edda Stjórutjörnum
Hótel Edda Þelamörk

3 stjörnur:
City Hótel
Hótel Flúðir
Hótel Hérað
Hótel Höfn
Hótel Ísafjörður
Hótel Kirkjubæjarklaustur
Hótel Reykjavík
Hótel Vík í Mýrdal

4 stjörnur:
Hótel Grand Reykjavík
Flughótel
Hótel Borg
Hótel Esja
Hótel Keflavík
Hótel Loftleiðir
Hótel Reynihlíð
Hótel Selfoss
Hótel Skjaldbreið
Radisson SAS Hótel Ísland
Radisson SAS Hótel Saga

Gististaðir sem lagt hafa inn umsókn, flokkun í vinnslu:
Gistihúsið Hóll
Hótel Borgarnes
Hótel Edda Kirkjubæjarklaustri
Hótel Edda Laugum
Hótel Óðinsvé
Hótel KEA
Hótel Skógar
Hótel Tindastóll
Hótel Höfði Ólafsvík
Sel-Hótel Mývatn
Staðarskáli
Sumarhótelið Ísafjörður

Þolmörk ferðamannastaða á Íslandi
Í sumar voru þolmörk ferðamennsku rannsökuð á þremur stöðum; Landmannalaugum, Lónsöræfum og Skaftafelli. Þolmörk má skilgreina sem þann fjölda ferðamanna sem staður þolir án þess að grípa þurfi til breytinga eða takmarkana á fjölda. Rannsóknin tekur til fjögurra þátta; upplifunar ferðamanna, félagslegra þátta, náttúrulegra gróðurfarsþátta og innviða og grunngerðar ferðamannastaðanna.

Alls störfuðu um átta manns að verkefninu, fjórir við verkstjórn og fjórir við aðstoð. Rannsóknin er samstarf þriggja aðila, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Ferðamálaráðs sem stjórnar verkefninu. Rannsóknarráð Íslands styrkir verkefnið á þessu ári um 2 milljónir króna. Gagnaöflun gekk vonum framar og stendur úrvinnsla nú yfir. Rannsóknarfólkinu var tekið mjög vel meðan það dvaldi á vettvangi og voru heimamenn fúsir til þátttöku.

Lífshlaup ferðamannastaða
Björn Sigurjónsson sérfræðingur Ferðamálaráðs Íslands stjórnaði rannsókninni og sá að auki um þann þátt sem lítur að innviðum oggrunngerð ferðaþjónustu á rannsóknarstöðunum. Megin viðfangsefni þessa hluta erað kanna hvar í lífshlaupi ferðamannastaðirnir eru staddir og hvernig grunngerð ferðaþjónustu er í stakk búin til að taka við ferðamönnum. Fyrstu niðurstöður benda til þess að staðirnir séu mismunandi langt komnir og að þolmörkum ákveðinna þátta í grunngerð sé náð. Anna Dóra Sæþórsdóttir landfræðingur og umsjónarmaður ferðamálanáms við HÍ, kannaði hug ferðamanna til þessara þriggja ferðamannastaða og í hverju upplifun þeirra af ferðamannastöðunum var fólgin. Til þess að komast að því lagði hún spurningalista fyrir ferðamenn og tók einnig hóp þeirra tali þar sem ítarlegri upplýsingar komu fram um reynslu þeirra en hægt er að fá með spurningalistum.

Dr. Guðrún Gísladóttir lektor við HÍ, rannsakaði áhrif ferðamanna á gróðurfar á þessum þremur stöðum. Í ljós hefur komið að mismunandi gróðursamfélög þola ágang mismunandi vel. Þannig er munur á því hve vel mosaþemba þolir traðk eftir þeirra jarðvegsgerð sem hún hvílir á. Þá hefur einnig komið í ljós að ákveðin jarðvegsgerð er mun betur í stakk búin en aðrar til að taka við átroðningi. Þessar niðurstöður eru afar gagnlegar þegar ákveða þarf hvar göngustígar eiga að liggja.

Arnar Már Ólafsson lektor í ferðamálafræði við Háskólann á Akureyri rannsakaði félagsleg áhrif ferðamennsku á heimafólk. Til þess var beitt bæði hefðbundnum símakönnunum og viðtölum á staðnum. Þá var tekið úrtak úr þjóðskrá til að kanna viðhorf almennings til ferðamannastaðanna. Nokkuð forvitnilegar niðurstöður eru að líta dagsins ljós og verður spennandi að sjá hverjar lokaniðurstöðurnar verða.

Talningartæki til að telja umferð gangandi fólks voru sett upp á 3 stöðum. Tvö í Skaftafelli, annað við göngustíg þar sem flestir fara um og hitt við göngustíginn sem var rannsakaður með tilliti til gróðurs og jarðvegs. Þriðja tækið var sett upp í Landmannalaugum þegar komið er yfir Laugahraunið þar sem flestir ferðamenn fara um hvort sem er í styttri ferð eða lengri, svo sem Laugahringinn eða Laugaveginn.

Með hjálp talningartækjanna er hægt að fylgjast með umferð fólks um svæðið á klukkustundarfresti allt sumarið. Er það í fyrsta sinn sem slíkar talningar fara fram hérlendis. Heildarniðurstöður rannsóknarinnar eru væntanlegar í vetrarbyrjun. Á næsta ári er áformað að rannsaka ferðamannastaði á Norðurlandi.

Reiknilíkan
Á vegum Ferðamálaráðs er unnið að gerð reiknilíkans til að nota við rannsóknir á afkomumöguleikum fyrirtækja í ferðaþjónsutu. Með notkun slíks líkans ætti að vera mögulegt að rannsaka betur en nú afkomumöguleika einstakra fyrirtækja og hvernig þeir breytast við mismunandi aðstæður.

Markaðsráðsverkefni
Markaðsráð mun áfram, sem hingað til, leggja áherslu á auglýsingar og kynningar til að vekja áhuga ferðamanna á Íslandi. Lögð hefur verið sérstök áhersla á ferðir hingað vetur, vor og haust með lengingu ferðamannatímans í huga. Þau markmið að lengja ferðamannatímann í báða enda hafa náðst og gestum fjölgað meira utan háannatíma en á sumrin. Í markaðsstarfinu hefur verið lögð áhersla á landið í heild með kostum þess og fjölbreytileika.

Íslandsbæklingur 2001
Markaðsráð leggur áherslu á auglýsingar og annað kynningarefni á meginlandinu; Þýskalandi, Frakklandi, Skandinavíu, Bretlandi auk Norður Ameríku. Landkynningarbæklingurinn er væntanlegur í október og verður útgáfan á 10 tungumálum; ensku, þýsku, dönsku, sænsku, norsku, finnsku, hollensku, frönsku, ítölsku og spænsku auk sérútgáfu fyrir Bandaríkja- og Kanadamarkað. Þá hefur upplagið verið aukið í 350 þúsund eintök.

Vefurinn okkar er í sífelldri endurnýjun og nú er verið að setja inn á vefinn, ferdamalarad.is, upplýsingar um ráðstefnur, fundi og hvataferðir. Tenging Ráðstefnuskrifstofu Íslands og annarra aðildarfélaga Ferðamálaráðs inn á síðuna er einnig í undirbúningi.

Aukning í ráðstefnuhaldi
Nú á haustdögum kennir ýmissa grasa í starfsemi Ráðstefnuskrifstofu Íslands. Nýtt vefsíðuútlit er væntanlegt á næstu vikum, en það er liður í endurnýjun kynningargagna skrifstofunnar. Hinn nýi vefur Ráðstefnuskrifstofu Íslands verður brátt tengdur við Íslandsvefinn; www.icetourist.is

Danskir og breskir fagaðilar koma hingað til lands í október til að kynna sér aðstæður til ráðstefnuhalds og möguleika á hvataferðum hér á landi. Ráðstefnuskrifstofan mun taka þátt í fagsýningunni í október í Chicago, en sýningin er einna stærst sinnar tegundar á Ameríkumarkaði. Auk þess mun skrifstofan standa fyrir workshop í París í nóvember nk.

Það er gaman að geta upplýst það að veruleg aukning er á ráðstefnuhaldi hér á landi og ef áætlanir standast má búast við 30% aukningu milli áranna 1999 og 2000. Fjöldi ráðstefnugesta er áætlaður um 16 þúsund eða sem svarar til 5% af heildarfjölda erlendra gesta til landsins.

Fjölmiðlaheimsóknir 2000
Það sem af er árinu hefur starfsfólk Ferðamálaráðs Íslands tekið á móti fjölda manns frá blöðum, tímaritum og útvarps- og sjónvarpsstöðvum frá helstu markaðssvæðum okkar. Ber þar hæst heimsókn sjónvarpsstöðvarinnar CNN International. Nú þegar er búið að sýna tvo þætti sem eru afrakstur þeirrar

heimsóknar; Art Club og Hot Spot. Frá Þýskalandi má nefna heimsóknir frá Vox TV, frá Hollandi NRCV, frá Bretlandi BBC, Travel Channel og frá Wales TV svo dæmi séu tekin.

Heimsóknir sem þessar eru gífurlega mikilvægur liður í markaðssetningu og mun verða haldið áfram á þessari braut. Reynt verður að freista þess að beina heimsóknum á haust, vetur og vor eins og áður hefur verið getið um.

Sýningar
Góð þátttaka hefur verið í ferðasýningum á árinu 2000. Síðasta sýningin sem Ferðamálaráð tekur þátt í á þessu ári er World Travel Market í London og er hún að vanda haldin um miðjan nóvember. Upplýsingar um ferðasýningar sem Ferðamálaráð tekur þátt í er að finna á www.ferdamalarad.is

Annað kynningarefni
Ný plaköt eru á næstu dögum að koma út með fallegum Íslandsmyndum sem teknar hafa verið vetur, vor, sumar og haust. Í gangi hefur verið plakataherferð í gluggum á vegum okkar hjá söluaðilum erlendis til að ýta undir sölu á Íslandsferðum og þá sérstaklega vetrar- og haustferðir.

Nú hafa verið framleidd ný myndbönd fyrir fjármagn frá Markaðsráði og er þar um að ræða almennt myndband um Ísland, Reykjavík 2000 auk myndbands fyrir ráðstefnur, fundi og hvataferðir.

Einnig hefur geisladiskur Ferðamálaráðs með Íslandsmyndum verið mikið notaður til að láta erlenda söluðaila og fjölmiðla fá í sínum kynningum.

Skráning á sýningar
Skráning á sýningar næsta árs hefjast nú í október /nóvember og upplýsingar um þær sýningar sem og aðra þætti markaðsverkefna er að finna á vef Ferðamálaráðs, sem við vísum enn og aftur til:www.ferdamalarad.is

Könnnun meðal viðkomufarþega
Nú liggja fyrir niðurstöður úr könnun meðal viðkomufarþega í Leifsstöð. Hér var um samstarfsverkefni Ferðamálaráðs og Flugleiða að ræða, en upplýsingaöflunin er liður í að fá fleiri farþega Flugleiða til að hafa hér stutta viðdvöl. Markmiðið var að kanna hvort farþegar hefðu haft vitneskju um möguleikann á viðdvöl allt að þrjá daga (stopover) á Íslandi og hvort söluaðilar hefðu kynnt hann þegar ferðin var keypt. Könnunin var framkvæmd í tveimur hlutum á tímabilinu mars 1999 til febrúar 2000 og náði hún til 2500 svarenda. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru þær, að þriðjungur svarenda vissi um viðdvalarmöguleikann, en hafði ekki nýtt sér hann vegna tímaskorts.

Tæplega 60% svöruðu, að til að gera hann áhugaverðari þyrfti að lengja dvalartímann. Danskir, bandarískir og hollenskir ferðalangar voru best upplýstir um viðdvalartilboðin. Gott ferðatilboð og lágt flugverð voru langoftast nefnd (76%) sem helsta ástæða þess að fljúga með Flugleiðum, en eingöngu einn af hverjum tíu nefndi viðdvalartilboð. Athygli vekur að helmingur söluaðila benti kaupendum ekki á viðdvalarmöguleika á Íslandi og eingöngu einn af hverjum tíu hvatti svarendur til að nýta sér hann. Sú niðurstaða að 66% aðspurðra vissi ekki um viðdvalartilboð bendir til þess að átak þarf til að upplýsa söluaðila og hvetja þá til kynninga á þessum ferðamöguleika til landsins. Þar sem um 90% svarenda sögðust hafa áhuga á að heimsækja Ísland í framtíðinni, helst í stuttri viðdvöl, er vert að gefa þessum markhópi frekari gaum varðandi mögulega aukningu ferðamanna utan háannatíma.

Verkefnisstjóri hjá Ferðamálaráði, Oddný Óladóttir, hafði umsjón með framkvæmd verkefnisins, en Félagsvísindastofnun sá um innslátt og úrvinnslu á spurningum. Þeir sem vilja kynna sér nánar niðurstöðurnar geta haft samband við skrifstofu Ferðamálaráðs í Reykjavík.